

Skóla- og frístundarsvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12 -14

105 Reykjavík

Ályktun frá Árbæjarskóla vegna reglna um strætókort til nemenda grunnskóla

Skólasamfélag Árbæjarskóla fékk til umsagnar nýjar tillögur um afhendingu strætókorta til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar, sbr. tölvupóst frá Guðrúnu Eddu Bentsdóttur, 1. febrúar sl.

Kallað var eftir álitum frá foreldrum og nemendum auk þess sem skólastjórnendur skólans hafa farið yfir málið. Eftir að hafa aflað umsagna áður nefndra aðila er niðurstaðan frá Árbæjarskóla eftirfarandi:

Skólasamfélag Árbæjarskóla telur að með nýjum reglum sé einungis verið að færa til strætómiða milli hverfa. Hluti nemenda úr Ártúnshverfi missir miða og í stað þess fá fleiri nemendur í Seláshverfi miða. Skólasamfélag Árbæjarskóla mótmælir þessu og hvetur Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar til að endurskoða reglurnar þannig að allir nemendur unglingsaldar skólans sem koma úr Ártúni og Selási fái úthlutað korti og miðað verði við nemendur austan Selásbrautar og alla nemendur Ártúnsholts, eins og áður var þegar ekki var miðað við fjarlægð í kílómetrum heldur skólahverfi. Í raun væri réttast að allir grunnskólanemendur borgarinnar ferðuðust endurgjaldslaust í strætó því þannig sætu allir við sama borð hvað nám, íþróttaiðkun og tómsundur varðaði hvar sem er í borginni enda sækja mjög margir nemendur íþróttir og tómsundur utan síns hverfis.

Þá vil skólinn einnig benda á eftirfarandi, en í áður nefndum tölvupósti frá Guðrúnu Eddu segir m.a.: „Nýja reglur voru samdar í samræmi við stefnu borgarinnar um að hvetja borgarbúa til að nota almenningssamgöngur í meira mæli en nú er gert og draga úr kostnaði sem fylgir skólaakstri í einstökum hverfum“.

Skólasamfélag Árbæjarskóla tekur undir það að almenningssamgöngur séu mikilvægar og vill í því sambandi vitna til athugasemdar frá foreldri í hverfinu um að samgöngur innan hverfisins verði að vera í lagi, einfaldar og fyrirhafnarlausar:

„Þá mætti gjarnan skoða það að bæta strætósamgöngur innan hverfisins þar sem enginn einn vagn tengir Ártúnið, Árbæinn og Selás/Norðlingaholt með beinum hætti. Nr. 16 fer í Ártúnið, tekur krók niður í Hálsa en snýr við í Hraunsás og er bara á 30 mín. fresti. Nr. 5 fer vissulega í Selásinn í gegnum Árbæinn og upp í Norðlingaholt en ekki niður í Ártúnsholtið. Þetta klippir mjög á flæðið í hverfinu en að mínu mati ætti að vera sjálfsagt mál fyrir börn og unglinga (og fullorðna að sjálfsögðu líka) að ferðast innan hverfisins á sem einfaldastan og skilvirkastan hátt“.

Ef borginni er alvara með að styrkja almenningssamgöngur þá liggur beinast við að hefjast handa við að styrkja samgöngur innan hverfanna þannig að almenningssamgöngur verði eftirsóttur kostur m.a. hjá fjölskyldum til að koma nemendum til og frá skóla og í þróttir og tómsundur. Nemendur grunnskólans eru vonandi framtíðar þjónustuþegar Strætó en til þess að svo megi verða þarf að gera samgöngurnar einfaldari og aðlaðandi þannig að fólk sjái sér hag í því að nýta þær.

Virðingarfyllt, fyrir hönd skólasamfélags Árbæjarskóla

Guðrún Erna Þórhallsdóttir

aðstoðarskólastjóri Árbæjarskóla